

142
31. júlí

REGLUGERÐ

um sérstakt útflutningsgjald af ísfiski.

1. gr.

Auk útflutningsgjalds þess, sem ákveðið er í lögum nr. 63 28. jan. 1935, skal greiða í ríkissjóð 10% — tíu af hundraði — af verði ísfiskjar þess, sem fluttur er til útlanda eftir gildistöku reglugerðar þessarar.

Undanþegin gjaldi þessu er þó ísfiskur sá, sem fluttur er til útlanda á vegum brezka matvælaráðuneytisins (Ministry of Food).

Til fiskjar þess, sem um ræðir í 1. mgr. þessarar greinar, telst ísfisksafli, er skip, sem skrásett eru hér á landi, veiða, þótt hann sé veiddur utan landhelgi og eigi verkaður í landi.

2. gr.

Ákvæði laga nr. 63 28. jan. 1935, um útflutningsgjald, skulu gilda eftir því, sem við getur átt, um gjald það, sem um ræðir í 1. gr. þessarar reglugerðar, og getur tollyfirvald neitað skipi um tollvegabréf fyrr en útflutningsgjaldið er greitt eða nægileg trygging er sett fyrir greiðslu þess síðar.

3. gr.

Útflutningsgjald það, sem hér um ræðir, skal færa í útflutningsgjaldabók og skal gera sérstök skil fyrir því í ríkissjóð með öðrum útflutningsgjöldum.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 5. gr. laga nr. 98 9. júlí 1941, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 31. júlí 1942.

Jakob Möller.

Einar Bjarnason.

143
5. ágúst

REGLUGERÐ

um stjórn og starfsemi sjúkrasamlaga.

1. gr.

Sjúkrasamlög þau, er stofnuð eru samkvæmt lögum um alþýðutryggingar, nr. 74 31. des. 1937, sbr. lög nr. 92 14. maí 1940, eru sameiginlega sjálfstæð deild í Tryggingarstofnun ríkisins, með sérstökum fjárhag, og nefnist hún Sjúkratryggingardeild.

2. gr.

Sameiginleg stjórn allra sjúkrasamlaganna er hjá Tryggingarstofnun ríkisins og tryggingarráði undir yfirstjórn ráðherra.

3. gr.

Í kaupstöðum skulu stjórnir sjúkrasamlaga skipaðar 3 eða 5 mönnum og jafnmörgum varamönnum. Ráðherra skipar formenn samlaganna og varaformenn, eftir tillögum tryggingarráðs, en bæjarstjórn kýs til viðbótar 2 eða 4 menn í stjórn og jafnmarga til vara. Skal kosning þeirra jafnan fara fram eftir hverjar bæjarstjórnarkosningar.